

Nr. 26.  
31.  
maí.

## Hafnarreglugjörð

fyrir

Akureyrar kaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefur 31. maí 1890 gefið út svofellda hafnarreglugjörð fyrir Akureyrar kaupstað.

### I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatafs, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfninni eptir að þau hafa komið frá Danmörk eða útlöndum, eða, ef um skip ræðir, er fara aðeins millum hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni; og rennur gjald þetta einsog önnur þau gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, í hafnarsjóð Akureyrar. Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal enn fremur gjalda 5 aura af hverri smálest.

Af skipum, er hafna sig optar en einu sinni á árinu á Akureyrar höfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu nema hið fyrsta skiptið, en aðeins með  $\frac{3}{4}$  hin önnur skiptin.

Framangreind gjöld skal þá greiða, er skipið legst fyrir innan beina stefnu úr yzta Glerár ós í Geldingsá. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

### II. Vitagjald.

Fyrir vita þann, er settur kann að verða við innsiglinguna á höfnina, geldur sá, er heimtar að kveikt sje á honum, 1 krónu fyrir nótt hverja. Gjald þetta skal greiða, hvort sem skip það, er beðið hefur verið um að kveikja fyrir, kemur inn á höfnina eða ekki. Á vitanum verður aðeins kveikt þá, er hafnarnefndin hefur verið um það beðin.

### III. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, er þegar eru talin, skal ennfremur greiða:

1. 2 aura um daginn af hverri smálest í skipi, er lagt hefur verið upp á Akureyrar fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, og
2. 2 aura af hverri smálest skips, er tekur eða kastar út seglfestu í landi kaupstaðarins.

# Havnereglement

for

## Akureyri Kjöbstad.

Nr. 26.  
31te  
Maj.

Ministeriet for Island har under 31te Maj 1890 anordnet følgende Havne-  
reglement for Akureyri Kjöbstad.

### I. Havnepenge.

Af alle Fartøjer (med de nedenfor anførte Undtagelser), som ere ansatte til Drægtighed, hvad enten de ere bestuvede med Gods, ballastede eller tomme, betales i Havneafgift af den fulde Drægtighed, hver Gang de ankre op paa Havnen efter at være ankomne fra Danmark eller Udlandet, eller for de Skibes Vedkommende, der kun sejle mellem islandste Havne, første Gang de i Aaret ankre op paa Havnen, 5 Ore for hver Ton, der ligesom de øvrige i dette Reglement ommeldte Afgifter tilfalde Akureyri Havnekasse. Naar Fartøjet enten lader eller løsser paa Havnen, betales der endvidere for hver Ton 5 Ore.

Naar et Skib flere Gange i samme Aar ankrer op paa Akureyri Havn, erlægges disse Afgifter kun den første Gang i dette Aar med deres fulde Beløb, hvorimod der for de øvrige Gange kun erlægges  $\frac{3}{4}$  af Afgifternes Beløb.

De ovenanførte Afgifter erlægges, naar Skibet ankrer indenfor en lige Linie fra Oleraaens nordligste Udløb til Geldingsaa. Afgiften erlægges ogsaa af Fartøjer, som søge Havn paa Grund af Isdrift, Storm eller deslige.

### II. Lanterneafgift.

For den Lanterne, der mulig vil blive anbragt ved Indsejlingen til Havnen, betales af den, som forlanger den tændt, 1 Krone for hver Nat. Denne Betaling erlægges, hvad enten det Skib, for hvilket Belysningen er begjært, ankommer til Havnen eller ikke. Lanteren tændes kun efter derom til Havnekommissionen indgivet Begjæring.

### III. Tillægsafgift.

Foruden de anførte Afgifter betales endvidere:

- 1) naar et Skib oplægges paa Akureyri Strand for at renses eller repareres, 2 Ore daglig for hver Ton, og
- 2) naar et Skib paa Kjöbstadens Grund indtager eller udløser Ballast, 2 Ore for hver Ton.

Nr. 26.  
31.  
maí.

#### IV. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. öll herskip og skemmtiskip, hværrar þjóðar sem eru,
2. öll skip danskra þegna, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir, og
3. skip, er leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra hafi úr þeim verið fluttur, ef þau aptur flytja bert farminn allan og eigi annað.

#### V. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins annarstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Eigi má kasta út seglfestu á höfninni nje flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. ágúst þ. á., og skal endurskoða hana fyrir 1. ágúst 1895.

*Í stjórnarráði Íslands, 31. maí 1890.*

*J. Nellesmann.*

---

*Ólafur Halldórsson.*

## IV. Fritagelse for Havneafgift.

Nr. 26.  
31te  
Maj.

Fritagne for Havneafgift ere:

- 1) alle Orlogsstibe og Lystfartøjer, til hvilken Nation de end høre.
- 2) alle danske Underfaatter tilhørende Fartøjer, som gaa paa Fiskeri under Islands Kyster, forsaavidt de hverken løsse eller lade andet end hvad der vedrører deres Fangst og Udrustning, samt
- 3) Fartøjer, der søge Havn formedelt Søstade, selv om deres Ladning maatte have været opløst, hvis de igjen udføre hele den indbragte Ladning og ikke andet.

## V. Ballast.

Ballast maa ikke tages paa Byens Grund undtagen paa de Steder, som Politimesteren dertil anviser.

Ballast maa ikke udkastes paa Havnen og heller ikke oplægges paa Byens Grund uden Politimesterens Samtykke.

Nærværende Reglement træder i Kraft den 1ste August d. A., og bliver at undergive en Revision inden 1ste August 1895.

Ministeriet for Island, den 31te Maj 1890.

*J. Nellesmann.*

*Ólafur Halldórsson.*